

**FRÁSÖGN**

*af sjöunda fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins  
í Brussel 28. nóvember 2013*

Sjöundi fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Evrópuþinginu í Brussel 28. nóvember sl. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður, Árni Páll Árnason, Birgitta Jónsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Óttarr Proppé, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason og Willum Þór Þórsson auk Stígs Stefánssonar, deildarstjóra alþjóðadeildar. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Pat the Cope Gallagher, formaður, Zuzana Brzobohata, Indrek Tarand, Søren Søndergaard, Catherine Stihler, Petru Luhan, Paul Rübig og Cristian Dan Preda.

Fundinum stýrðu Pat the Cope Gallagher og Guðlaugur Þór Þórðarson, sem sinna sameiginlega formennsku í nefndinni. Í opnunarárvarpi sínu lagði Guðlaugur Þór áherslu á að þó að hinni sameiginlegu þingmannanefnd hefði verið komið á fót í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu kæmi hún í beinu framhaldi af nánú og reglubundnu samstarfi sem Alþingi hefur átt við Evrópuþingið allt frá árinu 1987. Þótt hlé hefði verið gert á aðildarviðræðum væri nefndin eftir sem áður mikilvægur samráðsvettvangur sem beindi sjónum sínum að öðrum veigamiklum málum í samskiptum Íslands og ESB eins og makríldeilunni, norðurslóðamálum, viðbrögðum við fjármálakreppunni og málefnum tengdum EES.

Að vanda var aðaldagskrárliður fundarins um samskipti Íslands og ESB og hófst hann með framsögu fulltrúa íslenskra stjórnvalda og stofnana ESB. Þórir Ibsen sendiherra ítrekaði stefnu ríkisstjórnarinnar um að hagsmunum Íslands væri best borgið utan ESB og að aðildarviðræður yrðu ekki teknar upp að nýju nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þórir lagði áherslu á að hlé á aðildarviðræðum fæli ekki í sér hlé á samskiptum við ESB, ríkisstjórnin vildi þvert á móti efla samstarf við ESB, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs og norðurslóðamála. Þá ætlaði Ísland að efla þátttöku sína í EES, m.a. með því að styrkja sendiráðið í Brussel. Unnið væri að úttekt á aðildarviðræðum Íslands og ESB og þróun ESB sem verður væntanlega lögð fyrir Alþingi í janúar nk. Robertas Bružilas og Dirk Lange töluðu fyrir hönd ráðs og framkvæmdastjórnar ESB. Lögðu þeir í erindum sínum áherslu á að ESB virti afstöðu nýrrar ríkisstjórnar en undirstrikuðu að ESB teldi að aðild Íslands að sambandinu væri hagfelld fyrir báða aðila. Aðildarviðræður væru komnar langt og ESB væri tilbúið að taka upp þráðinn að nýju ef vilji Íslendinga stæði til þess. Búið væri að leysa upp samninganefnd gagnvart Íslandi líkt og íslensk stjórnvöld hefðu gert og auk þess væri ESB búið að draga sig út úr vinnuhópi íslenskra stjórnvalda, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og ESB um afnám gjaldeyrishafta enda hefði þátttaka í hópnum verið á forsendum aðildarviðræðnanna.

Árni Páll Árnason sagði vaxandi efasemdir á Íslandi um stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu. Aðilar vinnumarkaðarins vilji ljúka aðildarviðræðum og leggja aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá sýni skoðanakannanir að 54% vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi viðræður á meðan 34% vilja slíta þeim formlega. Þá mælist 42% stuðningur við ESB-aðild en 58% eru henni andvígir. Þá ræddi Árni Páll stjórnskipulegan vanda Íslands í EES-samstarfinu þegar krafa er uppi um framsal valds til stofnana ESB sem EES/EFTA-ríkin eiga ekki aðild eða aðkomu að. Óhugsandi væri að Ísland gæti samþykkt sameiginlegt fjármálaeftirlit ESB sem tekur bindandi ákvarðanir og getur jafnvel lokað fjármálastofnunum í EES/EFTA-ríkjum án þátttöku í þeim ákvörðunum. Slíkt framsal valds stæðist ekki stjórnarskrána. Birgitta Jónsdóttir lýsti yfir að hún hefði viljað halda þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna samfara sveitarstjórnarkosningum í maí nk. en ljóst væri að af því yrði ekki. Þá setti hún stórt spurningarmerki við tilgang þess að halda starfi sameiginlegu þingmannanefndarinnar áfram. Katrín Jakobsdóttir tók undir með Birgittu og taldi að ræða þyrfti framtíð nefndarinnar en þó væri æskilegt að bíða umræðu Alþingis um boðaða úttekt

stjórnvalda. Þá kvað hún mikla óvissu um hvort og hvenær yrði af þjóðaratkvæðagreiðslu og spurði fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar hve lengi dynnar stæðu opnar til að taka upp aðildarviðræður að nýju og hvort slíkt stæði til boða ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi ekki fram fyrir en árið 2017. Væru samningaviðræður þá í sömu stöðu með 27 opnaða kafla og 11 lokaða? Lange svaraði því til að ef viðræður hæfust að nýju yrði litið á kaflana aftur og metið hvernig farið yrði með þá. Samningskaflarnir 11 sem kallaðir eru lokaðir eru lokaðir til bráðabirgða, engum kafla er endanlega lokað fyrir en aðildarsamningur er undirritaður.

Indrek Tarand sagði að stundum þyrfti að beita þrýstingi og Spánn og Grikkland hefðu tekið sig á eftir þrýsting ESB. Rétt væri að þrýsta á Ísland með því að draga úr samskiptum og stöðva starf sameiginlegu þingmannanefndarinnar. Guðlaugur Þór Þórðarson spurði hvort meiningin væri að refsa Íslandi fyrir að vilja ekki ganga í ESB. Það væri ljóst af skoðanakönnunum að því meiri sem umræðan væri um ESB þeim mun minni mældist stuðningur við aðild á Íslandi. Sambandið væri í trúverðugleikakreppu gagnvart eigin borgurum sem kæmi fram í minnkandi tiltrú og stuðningi í könnunum og áhugaleysi gagnvart kosningum til Evrópuþingsins. Ef menn teldu ESB til tekna að hafa bjargað Spánverjum og Grikkjum frá sjálfum sér þá væri vert að minnast þess að ESB rétti Íslandi ekki hjálparhönd í kreppunni heldur þvert á móti. Ísland liti á ESB sem góðan vin en hefði ekki áhuga á aðild. Pat the Cope Gallagher minnti á að samráð Alþingis og Evrópuþingsins ætti sér langa sögu og taldi hina sameiginlegu þingmannanefnd mikilvægan vettvang. Forsenda hennar væri staða Íslands sem formlegs umsóknarríkis (e. candidate country), ef sú staða breyttist væri rétt að hverfa aftur til árlegra samráðsfunda eins og tíðkuðust áður en aðildarumsókn að ESB kom til.

Þá var fjallað um efnahagsmál og viðbrögð við fjármálakreppunni. Catherine Stihler fór yfir helstu aðgerðir ESB í efnahagsmálum og spurði út í stöðu mála á Íslandi varðandi skuldaniðurfellingu og afnám gjaldeyrishafta. Birgitta Jónsdóttir sagði forsætisráðherra hafa boðað heimsmet í skuldaniðurfellingu og von væri á tillögum næstu daga eftir fundinn. AGS og fleiri aðilar væru áhyggjufullir yfir umræðunni um skuldaniðurfellingu og óttuðust að kostnaður kynni að lokum að falla á ríkissjóð. Niðurfelling ætti ekki að vera á kostnað ríkisins heldur kröfuhafa föllnu bankanna á Íslandi. Þá væri í umræðunni að heimila að verja skattlausum séreignarlífeyrissparnaði til þess að greiða niður höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána.

Sérstök umræða var um makríldeiluna. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði áherslu á vilja Íslendinga til að ná samningum um skiptingu veiða úr stofninum. Ef einhverjir væri háðir því að tryggja sjálfbærni í sjávarútvegi væru það Íslendingar sem ættu allt sitt undir greininni. Gengd makríls á Íslandsmið hefði aukist mjög hratt með hlýnun sjávar og makrillinn þyngdist mikið á sumrin innan íslensku efnahagslögsögunnar og tæki æti frá öðrum nytjastofnum. Því væri Íslendingum nauðsynlegt að veiða sinn réttmæta skerf af makríl til að viðhalda vistfræðilegu jafnvægi. Guðlaugur Þór sagði Íslendinga leggja sérstaka áherslu á að ákvarðanir um veiðimagn og kvótaskiptingu byggðust á vísindalegum gögnum og því hörmuðu menn það að ESB hefði ekki tekið margendurteknum boðum um rannsóknarsamstarf. Þá væru hótanir um viðskiptaþvinganir ekki til þess að greiða fyrir lausn deilunnar. Vilhjálmur Bjarnason ræddi sérstaklega áhrif makrílsins á aðra stofna á Íslandsmiðum. Pat the Cope Gallagher minnti á að makrílveiðar Íslendinga hefðu aukist mjög hratt frá miðjum síðasta áratug. Sagðist hann óska þess að samningamenn yrðu lokaðir inni þar til samkomulag um makrílveiðar væri í höfn enda ógnaði núverandi ástand stofninum og sjálfbærri nýtingu hans til framtíðar. Hann styddi rannsóknarsamstarf ESB við Íslendinga og hefði talað fyrir því við sjávarútvegsstjóra ESB.

Að síðustu var rætt um yfirstandandi fríverslunarviðræður Bandaríkjanna og ESB. Pat the Cope Gallagher fór yfir þær frá sjónarhóli Evrópuþingsins og Guðlaugur Þór Þórðarson gerði grein fyrir því hvernig EFTA fylgdist með viðræðunum og hvernig þær gætu ef til vill orðið til þess að hleypa nýju lífi í viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um frjáls viðskipti á alþjóðavísu í stað tvíhliða eða svæðisbundinna fríverslunarsamninga.

Áttundi fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður í Reykjavík 25. mars 2014.